

# LÖG

## um innheimtu opinberra skatta og gjalda.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

#### *Gildissvið.*

Lög þessi gilda um innheimtu á sköttum, gjöldum og sektum ásamt vöxtum, álagi og kostnaði sem lögð eru á af stjórnvöldum og sem innheimtumönnum ríkissjóðs er falið að innheimta.

Þá gilda löggin um innheimtu erlendra skatta, gjalda og sekta sem innheimtumönnum er falið að innheimta á grundvelli samninga sem Ísland hefur gert við önnur ríki.

Löggin gilda einnig um endurgreiðslur oftekinna skatta og gjalda og um endurgreiðslur oftekinna sekta sem lagðar eru á af stjórnvöldum. Löggin gilda þó ekki um endurgreiðslu sekta sem innheimtar eru á grundvelli laga um fullnustu refsinga eða með vísan til þeirra laga.

Sérákvæði annarra laga um skatta, gjöld og sektir sem mæla fyrir á annan veg ganga frammar ákvæðum laga þessara.

### 2. gr.

#### *Orðskýringar.*

Í lögum þessum er merking eftirfarandi orða sem hér segir:

1. *Afskrift:* Það að færa kröfur á hendur gjaldanda niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt lögum.
2. *Eindagi:* Síðasti dagur til að greiða kröfu áður en dráttarvextir eða álag leggjast á hana.
3. *Gjaldandi:* Greiðandi skatta, gjalda eða sekta.
4. *Gjaldldagi:* Sá dagur sem fyrst er heimilt að krefja gjaldanda um greiðslu kröfu.
5. *Greiðsluáætlun:* Áætlun um greiðslu skatta, gjalda og sekta sem gerð er m.a. í því skyni að létta greiðslubyrði gjaldanda og fresta innheimtuaðgerðum.
6. *Skuldajöfnun:* Þegar inneign er notuð til að greiða gjaldfallna skuld.
7. *Þing- og sveitarsjóðsgjöld:* Tekjuskattur, útsvar, gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, útvarpsgjald, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og önnur ótalin gjöld sem innheimt eru með vísan til laga um tekjuskatt og samsvarandi gjöld samkvæmt samningum við önnur ríki.



















